

Á Evrópska tungumáladeginum fögnum við fjölbreytileikanum í evrópskri tungumálaflóru og tungumálanámi sem veitir okkur aðgang að henni.

Arfleifð Evrópu hvað varðar menningu og tungumál er einn helsti styrkleiki hennar og kjarnast í einkunnarorðunum „Sameinuð í fjölbreytileikanum“. Evrópuráðið og Evrópusambandið styðja við og vernda fjöltyngi og viðurkenna það sem hornstein lýðræðis, inngildingar og samstöðu. Þess vegna er nám og kennsla í mörgum tungumálum í skólum ekki menningarlegur munaður heldur pólitísk nauðsyn. Þannig verður evrópska hugsjónin að veruleika og fjölbreytt og framsækin gildi evrópskrar samvinnu styrkt.

Eflum tungumálanemendur

Hvatningarstefna í tilefni Evrópska tungumáladagsins

Nemendur styrkja stöðu sína með tungumálanámi ef þeir

- tilheyra styðjandi og hvetjandi námssamfélagi
- eru hvattir til að taka ábyrgð á eigin námi
- fá tækifæri til að nota markmálið/markmálin

Þessi stefna kallar á þróun hvetjandi námsumhverfis þar sem

- lögð er áhersla á að öll tungumál séu jafngild
- mikilvægi og ávinningur af fjölbreytileika í tungumálum og menningu er viðurkenndur



Sæktu heildarútgáfu
hvatningarstefnunnar hér:
edl.ecml.at/Motivation

Tungumál eru valdeflandi vegna þess að þau



gera okkur kleift að eiga samskipti og mynda tengsl við fólk sem talar önnur tungumál



hjálp okkur að skilja menningarheima sem annars væru okkur lokaðir



auka atvinnumöguleika



styrkja sjálfsvitund okkar



opna nýjar leiðir til náms, bæði háskólanáms og starfsnáms



efla gagnrýna hugsun

ríkis og sveitarfélaga

stefnumótenda, löggjafa og stjórnenda

fagfélaga tungumálakennara

tungumálakennara

tungumálanemenda

leiðbeinenda í kennaramenntun

foreldrafélaga

Þróun hvetjandi námsumhverfis krefst samvinnu og stuðnings...

frjálsra félagasamtaka sem sinna málefnum minnihluta- og svæðisbundinna tungumála, alþjóðasamskiptum og menningarmiðlun

námsefnis- og námsskrárhöfunda

eftirlitsaðila skóla

skólastjórnenda

edl.ecml.at

2025-15



Evrópski tungumáladagurinn
26. september

